

Upplýsingar um opnunartíma
Blóðbankans í Reykjavík, á Akureyri
og ferðir blóðbankabílsins finnur
þú á heimasíðu Blóðbankans
www.blodbankinn.is
eða í síma 543-5500

Blóðgjöf er lífgjöf

Við vonumst til að sjá þig.
Vertu ávallt velkomin(n).

Blóðbankinn
Snorrabraut 60
101 Reykjavík

FBB-41141-020 / Prentmæt_020360

Veist þú...

hvað gerir þinn
blóðflokk sérstakan?



 **BLÓÐBANKINN**
— gefðu með hjartanu! —

Það sem gerir O mínus blóð sérstakt er að það er hlutlaust. Lang flestir geta því þegið O mínus blóð.*

O mínus blóð er gefið:

- Blóðþegum í O mínus blóðflokki.
- Sem neyðarblóð þegar ekki vinnst tími til að kanna blóðflokk blóðþega.
- Þegar ungabörn þurfa á blóðgjöf að halda.
- Þegar blóðskortur verður í öðrum blóðflokkum.

O mínus blóð er notað sem **neyðarblóð** þegar skyndilegar blæðingar verða t.d. vegna slysa og bráða-aðgerða.

- Við miklar blæðingar getur einn blóðþegi þurft marga lítra af blóði.
- O mínus blóð þarf að vera tiltækt á skurðstofum, neyðarmóttökum og helstu sjúkrastofnunum úti á landi.

*Hér er átt við rauð blóðkorn og blóðflögur en ekki blóðvökva (plasma).

Ungabörn sem þurfa á blóðgjöf að halda fá O mínus blóð. Í mörgum tilfellum er um fyrirbura að ræða. Ein blóðgjöf nýtist í 5 litla poka af blóði fyrir ungabörn.

Sem O mínus blóðgjafi hefur þú mikilvægu hlutverki að gegna !

- Til þess að viðhalda nauðsynlegum O mínus blóðbirgðum þurfum við að fá blóðgjafa í O mínus blóðflokki daglega.
- Um 25.000 Íslendingar eru í O mínus blóðflokki. Einungis 2-2500 af þeim gefa blóð.

Við förum þess á leit við þig að þú gefir blóð reglulega, eða 3-4 sinnum á ári, ef þú mögulega getur!